



Fjórði fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2020 - 2021 Haldinn í fjarfundi 02.03. 2021 klukkan 08:15.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, skólastjóri.

Fundaritari: Margrét Sverrisdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Mættir:

Stjórnendur: Valdimar Víðisson, skólastjóri og Margrét Sverrisdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Fulltrúar foreldra: Thelma K. Prastardóttir og ~~Snædís Ö. Flosadóttir~~.

Fulltrúar starfsmanna: Guðlaug Helgadóttir, Skúli Pálsson, Sigurveig Þorman og Sigþór Ö. Rúnarsson.

Fulltrú grenndarsamfélagsins: Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Fulltrúar nemenda: María Hólmfríður Fons Eiríksdóttir og Þórdís F. Atladóttir.

1. Fyrstu drög að skóladagatali 2021 – 2022.
 - a. Skóladagatal 2021 – 2022 lagt fram til staðfestingar í skólaráði.
 - i. Skólaráð gerir engar athugasemdir við skóladagatal 2021 – 2022.
2. Vetrarfrí í grunnskólum. Umsögn skólaráðs.
 - a. Skólaráð Öldutúnsskóla telur mikilvægt að það séu vetrarfrí. Vetrarfrí eru kærkomin fyrir fjölskyldur til að njóta samveru og einnig fyrir starfsmenn grunnskóla til að hlaða batteríin. Meirihluti skólaráðs Öldutúnsskóla telur best að vetrarfrí sé samfelld; fjórir til fimm dagar, einu sinni á skólaárinu. Einnig eru þau sjónarmið í ráðinu að það séu 2 dagar á haustönn og 2 dagar á vorönn. skólaárinu.
 - i. Nemendur í skólaráði leggja áherslu á að það sé samfelld vetrarfrí einu sinni á skólaárinu.
 - ii. Foreldrar í skólaráði leggja áherslu á að það sé samfelld vetrarfrí einu sinni á skólaárinu.
 - iii. Viðhorf starfsmanna.
 1. Samfelld einu sinni á skólaárinu.
 2. Tvískipt, eitt á haustönn og annað á vorönn.
 - b. Skólaráð Öldutúnsskóla leggur áherslu á að viðhorf allra aðila sé kannað.
 - i. Viðhorf nemenda.
 - ii. Viðhorf starfsmanna.
 - iii. Viðhorf foreldra.
3. Umbótaáætlun ytra mats.
 - a. Skólastjóri fór yfir umbótaáætlun ytra mats.
 - i. Umræður:
4. Breyting á skóladagatali 2020 – 2021.
 - a. Föstudagurinn 18.03. var skráður sem uppbrotsdagur. Það kom ósk um það frá kennurum að færa þann dag með þeim rökum að vegna Covid 19 hafi þurft að brjóta upp skólastarf með ýmsum þemaverkefnum. Ósk kennara var að færa þennan dag þar til 07.06.2021. Kosið var um þessa breytingu og 92% þeirra sem tóku þátt samþykktu þessa breytingu.
 - i. Skólaráð samþykkir þessa breytingu fyrir sitt leyti og sendir til fræðsluráðs til staðfestingar.

5. Skólaárið 2021 – 2022. Fjöldi nemenda, húsnæði og fleira.
 - a. Nemendum í unglingsdeild fjölga, sérstaklega í 9. bekk
 - b. Nemendum í miðdeild fjölga um einn umsjónarhóp. Vantar þá rými fyrir stuðningsúrræði.
 - c. Óska eftir húsnæði á skólalóð fyrir frístund, svo hægt sé að nýta rýmið sem frístund notar fyrir kennslustofur.
 - d. Laga skólalóð; mikil drulla myndast í hlýindum og vantar bekk.
6. Umræða um ráðningu kennara og leiðbeinendur.
 - a. 14 leiðbeinendur í vetur og þar af tíu í réttindanámi.
7. Önnur mál.
 - a. Viðbrögð við jarðskjálfta
 - i. Farið eftir verkferlum frá Almannavörnum.
 - ii. Kennarar fara yfir verkferla með nemendum sínum.
 - b. Skólinn er fjöldahjálparstöð.

Fundi slitið klukkan 09:00
Margrét Sverrisdóttir